Fullgild rafræn undirskrift
GUÐNI GUÐMUNDSSON
2026-04-27 13:31:31 GMT
Ástæða: Undirskrift

Reykjavíkurborg

Reykjavík, 27 apríl 2026
USK26040379

Innkaupa- og framkvæmdaráð

**16258 Borgarlýsing – Stýrikerfi – Skápastýringar, EES útboð**

Tilboð í ofangreindu útboði voru opnuð þann 17 mars. 2026 og skiluðu 5 fyrirtæki inn tilboði. Við mat á tilboðum var litið til verðtilboðs í samræmi við skilmála útboðsgagna. Um er að ræða almennt í samræmi við lög um opinber innkaup nr. 120/2016, útboðið var auglýst á EES
Um heildar fjárhæð er að ræða með kaupum á búnaði, uppsetningu og rekstri til tíu ára. Uppsetningu, prófunum og kennslu skal lokið nóv. 2026 og rekstur tryggður til 10 ára. Eftir uppsetningu verður einungis um að ræða hugbúnaðar- og tengigjöld ásamt tilfallandi þjónustukostnaði þegar eftir honum er kallað.
Stýrikerfið tekur við stjórnbúnaði sem er þegar farinn að bila og er hluti lýsingakerfisins logandi 24/7 þar sem gamla stýrikerfið virkar ekki í öllum skápum með tilheyrandi kostnaði.

Lagt er til við Innkaupa- og framkvæmdaráð að gengið verði að tilboði lægstbjóðanda, Raftákns ehf að fjárhæð 36.545.400 með vsk. Fyrirtækið hefur staðist fjárhagsskoðun innkaupaskrifstofu og tæknilegt mat skrifstofu framkvæmda og fasteignaþjónustu.

Virðingarfyllst

Guðni Guðmundsson
*USK*
*Skrifstofa framkvæmda og fasteignaþjónustu*

Hjálagt: *Opnunarfundargerð*